



Þessar glæsilegu álfir flugu tignarlega yfir vegarkafli á Þjóðvegi 1 við afleggjarann í Melasveit í Borgarfirði. Fallett veður var í gær en sól skein í heiði og golan var mild við landsmenn. Lítil bílaumferð var á meðan ljósmyndari Fréttablaðsins var á ferð um þjóðveginn um miðjan dag. Því fengu álfirnar þrjár hið ágætasta næði meðan þær flugu þar yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Krefja PwC um útskýringar

Lyfjablóm ehf. sendi PricewaterhouseCoopers, sem sá um bókhald fyrirtækisins fyrir hrun, kröfubréf vegna óútskýrðra millifærslna. PwC neitar allri sök en Lyfjablóm telur að fyrirtækið gæti verið bótaskyldt.

VIÐSKIPTI Lyfjablóm ehf. hefur sent ráðgjafarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers (PwC) kröfubréf þar sem krafist er útskýringa á fjölmörgum atriðum sem varða endurskoðunarþjónustu PwC sem félagið veitti Lyfjablómi á árunum fyrir hrun. Lyfjablóm krefst meðal annars útskýringa á 800 milljóna króna millifærslum í gegnum reikninga félagsins sem bókaðar voru sem „bankamistösk Glitnis“ á árunum fyrir hrun.

Í kröfubréfinu telur Lyfjablóm að PwC hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi og sé skaðabótaskyldt vegna fjöldamargra atriða og eitt af þeim atriðum snýr að 800 milljóna króna tjóni sem Lyfjablóm ehf. telur sig hafa orðið fyrir vegna ólögmatrar „fléttu“, eins og það er orðað.

Í kröfubréfi Lyfjablóms, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er sagt að PwC hafi „vanrækt skyldur sínar“ og meðal annars orðið uppvíst að blekkingum og hylmingu er varðar fjármunalega gerninga félagsins og 800 milljóna króna fjármálaflétta í tengslum við fjárfestingafélagið Gnúp hf.

PwC neitar alfarið að hafa valdið Lyfjablómi tjóni á einhvern hátt og sakar Lyfjablóm um að fara með rangfærslur og dylgjur.

Lyfjablóm hét áður Björn Hallgrímsson ehf. (BH), sem var á sínum tíma með stærri eignarhaldsfélögum á Íslandi en BH var í gegnum fjölmörg dótturfélög stór hluthafi í Skeljungu, Árvakri, Nóa-Sírúsi og Sjóvá.

Málavextir snúa að því þegar

800

milljóna króna millifærslur voru bókaðar sem „bankamistösk Glitnis“.

félög í samstæðu BH fengu 800 milljónir króna inn á bankareikning sinn sem PwC útskýrði á hluthafafundi sem „bankamistösk“, það er að Glitnir banki hefði fyrir mistök millifært 800 milljónir króna inn á reikninga dótturfélaga BH ehf. en svo „leiðrétt mistökin“ strax sama dag.

Bókhaldsgögn félagsins, sem voru færð af PwC og núverandi eigendur hafa undir höndum, sýna hins vegar að 800 milljónirnar komu ekki frá Glitni heldur fjárfestingafélaginu Gnúpi til að borga upp lán sem var tekið án vitundar þáverandi stjórnar BH.

Í kröfubréfinu kemur fram að Lyfjablóm telur háttsemi PwC hafa verið sagnæma og því bótaskylda þar sem forsvarsmönnum fyrirtækisins hafi ekki verið veittar réttar upplýsingar frá PwC strax í upphafi. Sem fyrr segir neitar PwC allri sök í málinu.

Forsvarsmenn Lyfjablóms segja að málið í heild sinni fari nú í stefnumeðferð þar sem PwC hafi í engu svarað efnislegum spurningum Lyfjablóms ehf. – mhj



Ratsjain á Miðnesheiði hefur verið uppfærð. MYND/LANDHELGIS/ESLAN

Uppfærsla upp á milljarða

UTANRÍKISMÁL Allar fjórar ratsjárstöðvarnar á Íslandi hafa verið uppfærðar. Kostnaður við uppfærslu stöðvanna var 4,6 milljarðar króna. Atlantshafsbandalagið, NATO, greiddi 4,1 milljarð af þeim kostnaði og Íslendingar tæpar 500 milljónir.

Samkvæmt Landhelgisgæslunni er þetta hefðbundin uppfærsla en ekki viðbragð við auknum umsvifum Rússa og Kínverja á norðurslóðum. „Afar brýnt er að á Íslandi og Norður-Atlantshafi sé virkt loftrýmiseftirlit alla daga ársins og uppfærslan tryggir að svo verði áfram,“ segir Ásgeir Erlendsson upplýsingafulltrúi. – khg / sjá síðu 8



Einstakt kynningarverð

Nýr rafmagnaður ID.3 1st Edition
Stuttur afhendingartími




420 km
drægni

#NúGeturÞú

www.volkswagen.is/id3 · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA

Veður



Hæg vestlæg eða breytileg átt og bjart með köflum í dag, en stöku skúrir eða él vestan til og með norðurströndinni. Hiti 0 til 5 stig yfir daginn. **SJÁ SÍÐU 18**



Sýslumadurinn í Reykjavík hefur veitt 503 skilnaðarleyfi í ár.

Tíðni skilnaða á sama róli í ár

REYKJAVÍK Á fyrstu átta mánuðum þessa árs voru veitt 503 leyfi til skilnaða frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu (SMH), það eru að meðaltali tæp 63 skilnaðarleyfi í hverjum mánuði. Allt síðasta ár voru veitt 752 leyfi til skilnaðar eða 63 í mánuði að meðaltali og árið 2018 voru þau 769. Þetta kemur fram í svari SMH við fyrirspurn Fréttablaðsins.

» Sama meðaltal er á skilnaðarleyfum á mánuði hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu það sem af er þessu ár og var á síðasta ári.

Fram til 1. september síðastliðins voru veitt 217 leyfi til skilnaðar að borði og sæng hjá umdæmi SMH, 204 leyfi til lögskilnaðar að undangengnum skilnaði að borði og sæng og 82 leyfi til beins lögskilnaðar án undangengins skilnaðar að borði og sæng. Þetta eru svipaðar tölur og árin á undan.

Á sama tímabili voru staðfestir samningar um forsjá og meðlag vegna sambúðarslita 154 talsins, eða að meðaltali um sautján í hverjum mánuði. Það sama á við um fjölda slíkra samninga árin á undan sem voru 204 talsins árið 2019 og 212 árið 2018. – **bdj**

Rannsókn hafin á brunanum í Borgarfirði



Kona lést þegar eldur kom upp í íbúðarhúsi í uppsveitum Borgarfjarðar á sunnudagskvöldið. Aðstæður til slökkvistarfs voru erfiðar en slökkvilið frá starfsstöðvum slökkviliðs Borgarfjarðar kom að því og naut aðstoðar frá slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar. Lögreglan á Vesturlandi og tæknieild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hófu í gær rannsókn á eldsupptökum á vettvangi en sú rannsókn er á frumstigi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvatt til hófs í rjúpnaveiði

VEIÐI Umhverfisstofnun hvetur rjúpnaveiðimenn til að gæta hófs við veiði á rjúpnaveiðitímabilinu í nóvember. Stofnunin segir veiðistofninn vera einn þann minnsta frá því mælingar hófust fyrir aldarfjórðungi.

Veiðimönnum verður heimilt að veiða fimm daga vikunnar en á miðvikudögum og fimmtudögum verður veiðibann. Er þetta gert samkvæmt mati Náttúrufraeðistofnunar Íslands á veiðipoli rjúpnastofnsins.

Bjarni Pálsson, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að sérstaklega þurfi að gæta hófs í komandi rjúpnaveiði á Norðausturlandi. Bjarni minnr veiðimenn einnig á bann við sölu á rjúpum sem gildir áfram.

Að endingu eru veiðimenn minntir á að leggja sig í líma við að særa ekki fugla umfram það sem þeir veiða. – **hó**

Gerir grafíkmyndir af kvenfyrirmyndum

Listakonan Júlía Brekkan selur veggspjöld með teikningum sem sýna sterkar íslenskar konur. Hún segir Íslendinga eiga margar sterkar kvenfyrirmyndir. Júlía segir verkefnið sýna mikilvægi þess að konur eigi sterkar fyrirmyndir.

MENNING Verkefnið endurspeglar hversu dýrmætt það er að hafa stuðning og eiga sterkar fyrirmyndir,“ segir listakonan Júlía Brekkan sem stendur að baki vefversluninni Fyrirmynd sem selur sérútbúin veggspjöld með grafískum teikningum af íslenskum kvenfyrirmyndum. „Íslendingar eiga svo margar sterkar fyrirmyndir sem birtast okkur daglega í svo mörgum myndum og er vert að minna á.“

Konurnar á veggspjöldum Júlíu eru tíu talsins og koma frá ólíkum geirum samfélagsins. Þar má meðal annars nefna Ólmu Möller landlækni, Björk Guðmundsdóttur tónlistarkonu og Vigdísi Finnbogadóttur fyrrverandi forseta. „Ég gerði óformlega könnun áður en ég fór af stað með verkefnið og þar komu ótal nöfn fram. Þær sem komu oftast fyrir urðu fyrir valinu á veggspjöldunum, og við reyndum að velja konur frá ólíkum sviðum samfélagsins.“

Júlía segir Fyrirmynd hafa fengið sterkar viðtökur, einna helst frá konum. „Það finnst mörgum þetta vera kjörin áminning, þá sérstaklega fyrir yngri stelpur, um þær sterku kvenfyrirmyndir sem er að finna allt í kringum þær.“ Þá hefur Júlía einnig haft samband við fyrirmyndirnar sjálfar sem hafa tekið verkefninu fagnandi.

Veggspjöldin eru fánleg í þremur litum, hvítum, svörtum og bleikum, en hluti ágóða af sölu þeirra síðastnefndu rennur til krabbameinsáttaksins Bleiku slaufunnar. „Krabbameinsstöðin var mjög opin fyrir verkefninu og þau vildu endilega vera hluti af



Hluti ágóðans mun renna til Bleiku slaufunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

» Það finnst mörgum þetta vera kjörin áminning, þá sérstaklega fyrir yngri stelpur, um þær sterku kvenfyrirmyndir sem er að finna allt í kringum þær.

því,“ segir Júlía. „Bleika slaufan er mjög mikilvægt starf sem er vert að leggja lið á einn eða annan hátt.“

Júlía er ekki grafískur hönnuður að mennt en lauk BA-námi við arkitektúr í Listaháskóla Íslands. „Ég hef verið að mála frá því að ég var ung og ætlaði alltaf að verða

annaðhvort arkitekt eða grafískur hönnuður.“

Auk Fyrirmyndaðar vinnur Júlía einnig að verkefnum fyrir Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, auk þess sem hún tekur þátt í stóru verkefni á Grænlandi ásamt arkitektum og hönnuðum að því að teikna nýja menningarmiðstöð.

Aðspurð um framtíð Fyrirmyndaðar segist Júlía vilja gera verslunina að jákvæðum stökkpalli fyrir íslenskt listafólk. „Við viljum gera þetta að vettvangi fyrir sölu á íslenskri hönnun þar sem upprendandi hönnuðir og listafólk getur komið sér á framfæri.“

arnartomas@frettabladid.is

SMINT 2 hours Clean Breath
TVEGGJA TÍMA FERSKLEIKI*

SMINT ÖRUGGUR ANDARDRÁTTUR



AF HVERJU STOPPA?

NÝR TOYOTA YARIS HYBRID



Yaris verð frá: 3.240.000 kr.

Yaris Hybrid verð frá: 3.770.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Leyfi til söluvagna byggð á fjölbreytileika en ekki markaðsöflum

HVERAGERÐI „Við erum fyrst og fremst að ýta undir fjölbreytileika en líka að ekki sé farið inn á þann markað sem er fyrir,“ segir Friðrik Sigurbjörnsson, formaður bæjarráðs í Hveragerði, um reglur um torg- og götusölu í bænum.

Er bæjarráð samþykkti í síðustu vikur reglurnar bókaði fulltrúi Okkar Hveragerðis, Njördur Sigurðsson, athugasemd við það að við úthlutun leyfa yrði meðal annars byggt á kröfu „um fjölbreytileika og mismunandi framboð á þjónustu í

Hinn frjálsi markaður mun líklega stýra vöruframboði betur en stjórnendur eða stjórn-málamenn hjá Hveragerðis-bæ.

Njördur Sigurðsson, bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis



bæjarfélaginu“. Slika ákvörðun ætti að byggja sem mest á hlutlægu mati.

„Mat á hvort rekstur sem umsækjendur um götu- og torgsölu ætla að reka í söluvögnum sé viðbót við vöruúrval sem er fyrir í bænum og gerðar séu kröfur um fjölbreytileika og mismunandi framboð á þjónustu í bæjarfélaginu getur ekki annað en verið huglægt,“ bókaði Njördur.

„Hinn frjálsi markaður mun líklega stýra vöruframboði betur en stjórnendur eða stjórn-málamenn hjá Hveragerðisbæ,“ bókaði Njördur

sem þó samþykkti nýju reglurnar.

Friðrik sem fer fyrir meirihluta Sjálfstæðisflokks í bæjarráði, segir reglurnar eiga fyrirmynd í öðrum sveitarfélögum.

„Við viljum geta boðið upp á sem fjölbreyttasta möguleika og að þeir sem vilja koma með hvers kyns vagna hafi það í huga,“ svarar Friðrik spurður hvers vegna úrvalið í söluvögnum verði ekki látið í vald markaðsafla.

Þetta ráði þó ekki úrslitum. „Fyrst og fremst á þetta að ýta undir

það að fólk sem kemur með vöru og þjónustu inn í sveitarfélagið horfi til þess að bjóða eitthvað nýtt,“ útskýrir hann.

Friðrik segir að sótt hafi verið um leyfi fyrir vagn með heilsuvefjur og annan með kebab. Í boði séu tvö leyfi í miðbænum og eitt við Hamarshöllina. Horft sé til margra þátta.

„Við horfum til þess að fyrstur kemur, fyrstur fær. Einnig til gæða, fyrri reynslu auk fjölbreytileikans. Þetta er til að gefa okkur dálítið svigrúm til að velja og hafna.“ – gar

Valdheimildir ræddar á þingi

STJÓRNMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flutti í gær munnlega skýrslu um valdheimildir sóttvarnalæknis og heilbrigðisráðherra til sóttvarnaráðstafana. Sagði hún meira meðalhófs hafa verið gætt hér en víða annars staðar. Einnig að nýjum heildarlögum um sóttvarnir yrði flýtt.

Langar umræður spunnust og meðal annars gagnrýndi Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, ríkisstjórnina fyrir að varpa allri ábyrgð yfir á þrieyki almanna-varna. Sagði hann áhrif aðgerðanna gríðarleg fyrir margar atvinnugreinar og ekki mætti aðeins einblína á „einn mæli í stjórnborðinu.“

– khg

Undirskriftir afhentar í dag

STJÓRNMÁL Samtök kvenna um nýja stjórnarskrá afhenda stjórnvöldum undirskriftalista fólks sem krefst lögfestingar. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra mun taka við listanum klukkan 13 í dag fyrir utan Alþingishúsið. Helga Baldvins Bjargadóttir, formaður samtakanna, mun fara með tölu og Lay Low flytja lag sem hún samdi við aðfaraorð stjórnarskrárinnar.

Þegar Fréttablaðið fór í prent í gærkvöld höfðu rúmlega 42 þúsund undirskriftir safnast og fjölgað hratt á undanförunum dögum. Katrín Oddsdóttir, formaður Stjórnarskrárfélagsins, áætlað að um þúsund hafi safnast í gær.

„Þetta sýnir að það er mjög mikill áhugi á að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar verði virtar,“ segir Katrín. „Þetta hefur spurst vel út og tók til dæmis mikinn kipp eftir að veggmyndin var fjarlægð.“

– khg

Málsókn eða vinnustöðvun oftast einu úrræði starfsfólks

Dæmi eru um að launafólki sé hótad málsóknum og að vera hýrudregið, boði það vinnustöðvun til að innheimta vangoldin laun. Slíkar aðgerðir hafa stundum reynst eina leiðin, utan langdreginna málaferla, til að fá laun greidd að fullu. Frumvarp sem meðal annars tekur á launasvikum, verður brátt lagt fram.

KJARAMÁL Í greiðsluáskorunum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, dagsettu 4. desember 2019, veittu starfsmenn þriggja hótela á höfuðborgarsvæðinu vinnuveitendum sínum vikufrest til uppgjors á vangoldnum launum, ella legði undirritað starfsfólk niður störf þar til gert yrði upp við það að fullu.

Í erindi frá lögmanni Samtaka atvinnulífsins, sem sent var til Eflingar degi áður en greiðslufrestur rann út, var vakin athygli á skaðabótaskyldu vegna ólögmetra verkfallsaðgerða. Þar sem um félagslega aðgerð stéttarfélags sé að ræða falli einnig niður „launagreiðslur til starfsmanna“. Þá segir að fyrirtækið harmi rekstrarerfiðleika sem leitt hafi til vanefnda og geri nú allt sem í valdi þess stendur til að leysa úr þeim. „Fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir eru ekki til þess fallnar að leysa þann vanda,“ segir í erindinu.

Í svari frá lögmanni Eflingar segir að leita verði annarra úrræða við rekstrarvanda. Hann verði ekki fjármagnadur með stuldi á launum. Þá er fordæmt að SA setji fram „hótun um að starfsmennirnir verði hýrudregnir leggi þeir niður störf“. Starfsfólkið hafi leitað til Eflingar vegna vangreiðslu launa sem greiða átti út um mánaðamót. „Með vanskilum á launum hafi atvinnurekandinn brugðist þeirri grundvallarskyldu sinni að greiða fólki laun fyrir þá vinnu sem það hefur þegar innt af hendi.“ Réttur fólks til að boða vinnustöðvun, með hæfilegum fresti til úrbóta sé ein af



Hótelstarfsmenn í Eflingu samþykktu verkfall í fyrravor, til að krefjast launahækkana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar

fáum undanþágum frá friðarskyldu.

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, segir að fjölmörg dómsmál séu höfðu til að innheimta vangoldin laun á hverju ári. Fyrir komi að atvinnurekandi bjóði að greiða hluta af laununum strax gegn því að frekari kröfur falli niður. „Það kemur fyrir að félags-

menn okkar samþykkja slík tilboð út úr neyd vegna þess hve langan tíma tekur að innheimta kröfur til fulls. Við hvetjum fólk auðvitað til að fara alla leið með kröfur sínar enda prinsippmál en þetta er bara raunveruleikinn. Við erum með félagsmenn á mjög lágum launum og það er freisting fyrir þá að fallast á tilboð af þessu tagi fremur en að biða mánuðum saman eftir dómskerfinu,“ segir Viðar.

Þótt fólk af erlendum uppruna sé líklegast til að verða fyrir launasvikum segir Viðar það mýtu að vanþekkingu þess sé um að kenna. „Þetta fólk hefur þjálfad sig í að lesa

og skilja kjarasamninga og er mjög duglegt að leita réttar sins,“ segir Viðar og bætir við: „Vandamálið er ekki þeirra heldur atvinnurekandanna. Refsileysið er ástæða þess að atvinnurekendur komast upp með þetta sér að kostnaðarlausu.“

Aðspurður segir Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, að frumvarp um aðgerðir tengdar lífskjarasamningnum verði lagt fram á næstu vikum. Umrætt atriði sé það eina sem ekki náðist sátt um í vinnuhópi fulltrúa ASÍ og SA. „Það er verið að snikka slíkt ákvæði til,“ segir Ásmundur.

adalheidur@frettabladid.is



JEEP® CHEROKEE

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

ÖFLUG DÍSELVÉL - 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING
SPARNEYTINN - HLAÐINN LÚXUSBÚNAÐI

Helsti staðalbúnaður Jeep Cherokee Longitude Luxury:

- 2.2 lítra 195 hestafla díselvél, 9 gíra sjálfskipting
- Jeep Active Drive I Select Terrain með 4 drifstillingum,
- Rafdrifin snertilaus opnun á afturhlara
- Leðurinnrétting
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél með bilastæðaaðstoð
- Hágæða Alpine hljómflytningakerfi með bassaboxi
- Apple & Android Car Play
- Bluetooth til að streyma tónlist og síma

FRÁBÆRT VERÐ: 7.990.000 KR.



UMBOÐSADILI JEEP. OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARISKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



TAKMARKAÐ MAGN
BÍLA Í BOÐI

Beltone **Amaze**™

Samskiptin við okkar nánustu eru dýrmætust



Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímamann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir nærveru við þína nánustu á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Amaze**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





Þorgrímur Knúsar Aron án grímu en Þorgrímur keyrði leikmenn í myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

UEFA getur sektað Þorgrím

FÓTBOLTI Íslenska lögreglan getur ekki sektað Þorgrím Þráinsson, starfsmann KSÍ, fyrir brot á sóttvarnalögum heldur er það ákvörðun UEFA, samkvæmt svörum lögreglunnar.

Þorgrímur virti ekki tveggja metra regluna og bar ekki grímu þegar hann arkaði inn á leikvöllinn eftir sigur á Rúmenum til að knúsa mann og annan, meðal annars fyrirliða landsliðsins, Aron Einar Gunnarsson. Hann greindist svo með COVID-19 og fóru tólf starfsmenn í kjölfarið í sóttkvið, meðal annars landsliðsþjálfararnir. Þeir fengu þó leyfi til að rjúfa sóttkvið til að horfa á leikinn gegn Belgum, sem Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn baðst afsökunar á. Sagðist hafa farið langt út fyrir valdsvið sitt og mun hann ekki koma að fleiri ákvörðunum um íþróttir.

» Íslenska lögreglan hefur ekki heimild til að sekta Þorgrím Þráinsson en UEFA gæti hins vegar gert það.

Í svari lögreglunnar segir enn fremur að reglur UEFA nái til leikmanna og starfsmanna og gildi líka eftir að leik er lokið, það er uns leikmenn og starfsmenn hafa yfirgefið völlinn og fara inn í vallarhúsið.

Brot á þeim reglum kunna að varða sektum, sem UEFA beitir, segir í svari lögreglunnar.

Lögreglan hafði þó ekki neina yfirsýn yfir sóthólf KSÍ, hvorki á téðum landsleik gegn Rúmenum í umspilinu um að komast á Evrópumótíð né gegn Dönum og Belgum í Þjóðadeildinni. „Þess má geta að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði ekki yfirsýn yfir sóthólf KSÍ, né þær undanþágur sem heilbrigðisvirkni gáfu út fyrir þennan landsleik eða aðra sem hér hafa farið fram nýverið,“ segir í svörum lögreglunnar við fyrirspurn Fréttablaðsins. – bb

Líkamsræktin opnuð þrátt fyrir tilmæli Þórólfs

COVID-19 CrossFitstöðvarnar CrossFit Reykjavík og Grandi 101 og líkamsræktarstöðvar World Class hafa síðustu daga auglýst að þær munu opna stöðvar sínar í dag. Þannig munu stöðvarnar bjóða upp á hópatíma þar sem 19 manns geta mætt og æft undir handleiðslu þjálfara. Stöðvarnar segja fyllstu sóttvarna verði gætt og búnaður hreinsaður eins mikið og kostur er. Þá verði tveggja metra reglan í hávegum höfð. Þeir einstaklingar sem taka þátt í líkamsræktartímum mega ekki láta búnað sem þeir nota á æfingunum ganga á milli sín.



Líkamsræktarstöðvar verða opnaðar á nýjan leik í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Þetta er innan rammans sem fram kemur í reglugerð heilbrigðisráðherra um íþróttir og heilsurækt. Þar kemur fram að þeir sem ætla að sækja téða líkamsræktartíma þurfi að vera skráðir í tímann fyrir fram.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir er ekki ánægður með opnun líkamsræktarstöðvanna á þessari stundu en hann sagði á upplýsingafunda almannavarna í gær að aðaluppspretta þriðju bylgju kórónaveirufaraldursins hér á landi væri að líkamsræktarstöðvar hefðu áfram lokað næstu vikurnar. – hó

Skoðun kemur Lyfju á óvart

Embætti landlæknis og Lyfjastofnun hafa tekið til skoðunar smáforrit Lyfju. Hluti þess hefur verið gerður óvirkur. Sviðsstjóri hjá Lyfju segir þetta koma á óvart þar sem samskipti voru við þróun smáforritsins.

HEILBRIGÐISMÁL Lyfja hefur óvirkjað hluta af smáforriti sínu í kjölfar þess að Lyfjastofnun og Embætti landlæknis hófu skoðun á því. Segir sviðsstjóri hjá Lyfju að skoðunin komi á óvart.

Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá er nú hægt að veita þriðja aðila umboð til afhendingar lyfja í gegnum vefinn Heilsuveru og var appið með virkni sem veitti sams konar umboð.

Fram kemur í tilkynningu á vef Landlæknis að tilefni skoðunarinnar sé að þetta sé í fyrsta sinn sem þjónustan sé veitt hér á landi. Þá er vakin athygli á hluta skilmála smáforritsins, en þar segir að umboðin sem bæði er hægt að veita og nálgast í smáforritinu gildi aðeins í verslunum þess apóteks sem að baki því stendur. Á vef embættisins er svo bent á að umboð sem hægt er að veita í sama tilgangi á heilsuvera.is gildi hins vegar í öllum apótekum landsins. Embættið vildi ekki tjá sig frekar um athuginuna.

Í svari við fyrirspurn um hvort hægt sé að veita umboð með öðrum hætti en í gegnum Heilsuveru segir að sú lausn sé sú öruggasta. „Hins vegar eiga apótek að taka við pappírsumboðum frá þeim sem ekki eru með rafræn skilríki og ættu það að vera undantekningartilfelli,“ segir í svari Embættis landlæknis.

Guðmundur H. Björnsson, sviðsstjóri stafrænnar þróunar og markaðsmála hjá Lyfju, segir að umboðslausnin sé hugsuð til þess að hjálpa aðstandendum þeirra sem eiga erfitt með að kaupa og fá afhent lyf. Eru þá lyfin keyrð heim.

„Umboðslausnin sem embættin kynntu á dögunum og er að finna á heilsuvera.is er góð en hún krefst



Á vef Heilsuveru er hægt að veita þriðja aðila umboð til að kaupa lyf, sama virkni var í appi Lyfju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við ákváðum að gera umboðslausnina í appinu óvirka tímabundið á meðan samtalið við stofnanirnar fer fram.

Guðmundur H. Björnsson, sviðsstjóri stafrænnar þróunar og markaðsmála hjá Lyfju



» Smáforritinu er ætlað að aðstoða aðstandendur þeirra sem eiga erfitt með að kaupa og fá afhent lyf.

Þess að fólk þurfi að fara í næsta apótek til að ná í lyfin og það er ekki alltaf á færi allra. Með Lyfju-appinu er þetta flókna ferli einfaldað til muna og okkur þótti mjög vænt um að sjá Alzheimersamtökin fagna

þessari nýjung,“ segir Guðmundur.

„Við ákváðum að gera umboðslausnina í appinu óvirka tímabundið á meðan samtalið við stofnanirnar fer fram, það gerum við af virðingarskyni við Embætti landlæknis og Lyfjastofnun en við höfum átt í samskiptum við báðar stofnanir vegna þróunar appsins í rúm ár, til þess að tryggja að allt verði eins og best verður á kosíð, þessi tilkynning kemur okkur því verulega á óvart.“ arib@frettabladid.is

Þekkirðu lyfin þín?

Fáðu faglega aðstoð lyfjafræðings

Komdu eða pantaðu tíma í síma 517 5500 eða sendu póst á lyfsalinn@lyfsalinn.is



LYFSALINN

og þér líður betur

GLÆSIBÆ

OPIÐ 08:30-18:00 mán.- fös.
Sími 517 5500 / lyfsalinn@lyfsalinn.is

VESTURLANDSVEGI

OPIÐ 10:00-22:00 alla daga
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is

URÐARHVARFI

OPIÐ 08:30-18:00 mán.- fös.
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

HREKKJAVÖKUNA HEIM AÐ DYRUM

Ný og glæsileg netverslun www.partybudin.is

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 S:5340534

FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR
10.000 KR EÐA MEIRA



**Þurrís til sölu helgina
30.okt - 1.nóv.**

Hrekkjavökuopnun

Helgin 24.-25.okt 10-18

Mán-Fös 26.-30.okt 10-21

Lau. 31. okt: 10-21

Sun. 1. nóv: 10-18

GRÍMUSKYLDA



**MEÐAN ÁSTAND VARIR
Í VERSLUN**



Víravegríðin eru einkar umdeild.

Víravegríð tekin niður við vegi í Noregi

SAMFÉLAG „Víravegríð eða ostaskerker eins og við köllum það er stórhættulegt fyrir okkur mótörhjóla-fólk, ég held ég geti talað fyrir okkur öll að við viljum þetta burt áður en það verður banaslys af völdum vegr-íðanna og að þetta verði bannað hér á landi. Ég sem hjólari reyni að vera sem lengst frá þessu því ég óttast þetta,“ segir Þorgerður Guðmundsdóttir, formaður Sniglanna.

Í Noregi hefur uppsetning víravegríða verið bönnuð síðan 2006 og nú fagna norsku mótörhjólasamtökin NMCU þeim áfanga að verið sé að taka niður hættuleg víravegríð. Er verið að skipta víravegríði smám saman út fyrir stálvegríð með undirakstursvörnum. Víravegríð bjóða ekki upp á hagkvæmar lausnir í undirakstursvörnum og eru því með óvarða bita sem eru mótörhjóla-fólki hættulegir. Norsku vegagerðin segir hagkvæmni einnig búa að baki þessari ákvörðun en víravegríð þurfa meira viðhald en önnur vegr-íð. Á Íslandi eru víravegríð víðast hvar utan þéttbýlis, bæði í vegarköntum og á milli akreina. – ng

Uppfærsla ratsjárstöðvanna var milljarða króna verkefni

Kostnaðurinn við uppfærslu íslensku ratsjárstöðvanna fjögurra var 4,6 milljarðar króna og greiddi Atlantshafsbandalagið, NATO, stærsta hlutann af því. Samkvæmt Landhelgisgæslunni er um hefðbundna uppfærslu að ræða en ekki viðbragð við auknum umsvifum Rússa og Kínverja á norðurslóðum.

UTANRÍKISMÁL Allar fjórar ratsjárstöðvarnar á Íslandi voru uppfærðar á árinu og lauk verkefninu í ágúst. Heildarkostnaðurinn var 28 milljónir evra, sem samsvarar um 4,6 milljörðum króna. Þar af greiddu Íslendingar tæpar 500 milljónir króna og Atlantshafsbandalagið (NATO) 4,1 milljarð.

Verkefnið hófst á ratsjárstöðinni á Miðnesheiði á Reykjanesi nálægt Keflavíkurflugvelli. Voru það 24 sérfræðingar úr kanadíska flughernum sem sáu um uppsetningu færanlegs ratsjárnúnaðar með aðstoð starfsfólks Landhelgisgæslunnar. Hinar stöðvarnar eru á Stokksnesi nálægt Höfn í Hornafirði, á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi og Bolafjalli við Bolungarvík.

Á ratsjárstöðvunum fjórum eru langdrægar þrívíddarratsjár sem notaðar eru fyrir loftrýmisgæslu og samþætt loftrýmisseftirlit NATO. Þá nýtir Isavia hluta kerfisins fyrir almenna flugleiðsögu og flugöryggi. Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar sem sér um stöðvarnar, segir að verkefnið hafi falið í sér uppfærslur á tækni- og hugbúnaði og að einnig hafi svar-



24 sérfræðingar kanadíska flughersins sáu um uppsetningu búnaðarins í samvinnu við starfsfólk Landhelgisgæslunnar. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

ratsjárkerfið verið endurnýjað með nýjum búnaði.

Svarratsjár eru notaðar til þess að staðsetja flugvélar með merkjasendingu frá ratsjárstöð og ratsjársvara í vélunum sjálfum. Það var þessi hluti verkefnisins sem Íslendingar borguðu sjálfir fyrir.

Umsvif Rússa og Kínverja hafa

aukist mjög á Norðurslóðum í ljósi hlýnunar jarðar og opunar skipaleiða. Þá hafa Bandaríkjamenn og NATO brugðist við þessu með frekari uppbyggingu á norðurslóðum, meðal annars hér á Íslandi. Ásgeir segir að uppfærslan sé þó hefðbundin.

„Ratsjäreftirlitskerfið á ratsjár- og

➤ Kostnaður Íslands er 3 milljónir evra eða um 500 milljónir króna.

fjarskiptastöðvunum fjórum var tekið í notkun 1991 og hefur verið uppfært reglulega í þeim tilgangi að viðhalda áframhaldandi getu kerfisins og tryggja stuðning við viðhald,“ segir hann. „Afar brýnt er að á Íslandi og Norður-Atlantshafi sé virkt loftrýmisseftirlit alla daga ársins og uppfærslan tryggir að svo verði áfram.“ Þá sé kerfið einnig mikilvægt til þess að tryggja flugöryggi og svarratsjárnúnaðurinn sé nýttur til flugleiðsögu.

Samkvæmt NATO er verkefnið á Íslandi önnur uppfærslan af þessari stærðargráðu sem mannvirkjastofnun bandalagsins sér um hjá aðildarþjóð.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Ódýrasti smájeppinn fyrir íslenskar aðstæður

AÐEINS
33.830
Á MÁNUÐI*



DACIA^{4x4} DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS

2.790

ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

Listaverð hjá umboði: 4.450 þús

* m.v. 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Komið og reynsluakið

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-
2019

Fyrirmyndarfyrirtæki
í rekstri

Vískaþlaðið keldan

STÓRA BÍLASALAN

...á verði fyrir þig!



STILLANLEG RÚM

20-35% AFSLÁTTUR



VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ

296.010 KR

VERÐ 455.400 KR
STÆRÐ 2X90X210



Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

Að velja nafn



Björk
Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Í síðustu viku mælti dómismálaráðherra fyrir röttækum breytingum á lögum um mannanöfn. Verði frumvarpið samþykkt mun hin oft umdeilda mannanafnanefnd heyra sögunni til. Með breytingunum mun frelsi við nafngjöf aukast til muna en áfram munu þó gilda ákveðnar takmarkanir til að koma í veg fyrir að börnum séu gefin nöfn sem mögulega gætu orðið þeim til ama eða séu óviðeigandi á einhvern hátt.

Þegar tekist er á um lög um mannanöfn eru það helst tvö sjónarmið sem togast á: Vernd íslenskrar tungu og menningararfs og frelsi einstaklingsins til þess að bera það nafn sem hann kys.

Flestum þykir mikilvægt að standa vörð um íslenska tungu sem á undir högg að sækja en ég efast stórlega um að rétta leiðin til þess sé með boðum og bönnum. Ég er heldur ekki viss um að aukið frelsi er varðar það hvað við heitum hafi slæm áhrif á okkar ástkæra ylhýra. Leiða má líkur að því að einhver erlend nöfn muni bætast við og fleiri ættarnöfn verði tekin upp, en mun það raunverulega hafa slæm áhrif á tungumálið þegar mannanöfn eru aðeins brotabrot af orðaforða íslenskunnar?

Jafnvel þó að nefndarmeðlimir bendi á að hlutverk þeirra sé einfaldlega að fara að lögum er það staðreynd að oft er ansi mikið rými fyrir túlkun í þeim efnum.

Það hef ég upplifað á eigin skinni en fyrir 23 árum eignaðist ég dóttur sem skírð var Blær. Nafninu hafði ég kynnst þegar ég las Brekkukotsannál Halldórs Laxness og var staðráðin í að ef ég einhvern tíma eignaðist stúlku fengi hún sama nafn og dóttir orgelkennarans sem Álfgrímur sækir tíma til, en feður hennar var slík að hann gleymdi nótnaskalanum.

Dóttir mín var skírð þessu, að mínu mati, fall-ega og íslenska nafni en nokkrum mánuðum síðar kom presturinn sem skírði hana að máli við okkur foreldrana. Honum höfðu orðið á mistök. Nafnið var nýverið sett á lista eiginnaframa drengja en ekki stúlkna og því þyrftum við að skipta um nafn og stakk hann upp á nafninu Blædis.

Ætli það að velja barni sínu nafn sé ekki ein persónulegasta ákvörðun sem hægt er að taka og um leið ein sú ástrikasta? Það velur enginn nafn sem fylgja mun einstaklingi út ævina í hálfkæringi, flestum er sú ákvörðun mikið hjartans mál.

Því vildi ég ekki að Blær yrði Blædis og þrjúskadist við. Ég reyndi að rökraða við þáverandi formann mannanafnanefndar auk þess að senda formleg erindi. Hann aftur á móti spurði mig hvort ég vildi ekki bara nefna dóttur mína Guðmund.

Þessi saga fékk farsælan endi, þegar Blær vann mál gegn íslenska ríkinu og þurfti ekki lengur að heita Stúlka í þjóðskrá, eins og hún hafði gert í 16 ár.

Þetta er bara ein saga af mörgum en lýsir því hvernig lögin hafa unnið gegn sjálfsgöðum vilja fólks. Það bara getur ekki verið til góds að yfirvöld hafi lokavald yfir öðru eins einkamáli og nöfnum fólks.



Flestum þykir mikilvægt að standa vörð um íslenska tungu sem á undir högg að sækja en ég efast stórlega um að rétta leiðin til þess sé með boðum og bönnum.

Halldór



Frá degi til dags

Senn koma jólin

Nokkrir hafa ákveðið að setja upp jólaskrautið snemma í ár. Á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu er farið að glitna í jólaljós og á minnst einum stað í jólatré inni í stofu. Mögulega er verið að finna sér eitthvað að gera á heimilinu á þessum síðustu og verstu. Og í leiðinni að láta sér líða aðeins betur þegar yfir dynja erfiðar fréttir. Skýringin hlýtur að vera sálfræðiáráðun Létt 96,7 sem byrjaði að spila Ef ég nenni, jólalag allra Íslendinga, 1. maí og þáttanna Heima með Helga sem vekja upp hugrenningatengsl við Ef ég nenni. Þá má ekki gleyma að stundum felst í skreytingunum pólitískur stuðningur við frumvarpið um færslu jóllanna til 16. desember.

Smitlokahtíð

Við landsmönnum blasir stærra hátíð og skemmtilegri en jólin, vandinn er að enginn veit hvenær hún verður. Það er að sjálfsgöðu Smitlokahtíðin. Það er ekki seinna vænna fyrir viðburðarþjónustur að rissa upp stærsta parti aldarinnar. 300 þúsund manna hópknús á Klambatúni og Þórólfrur verður með brekkusöng í Esjunni. Kári Stefánsson tekur alla sem hafa ekki verið sammála honum í sjómann, einföld röð upp Öskjuhlidina. Önnur einföld röð verður til Keflavíkur í vélar til Alicante.

Græn atvinnubylting



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Við þær aðstæður sem nú eru uppi er eðlilegt að öll okkar orka og athygli beinist að því að kveða niður kórónufaraldurinn og lágmarka þann félagslega og efnahagslega skaða sem af honum hlýst. Það breytir því þó ekki að loftslagsváin er stærsta áskorun sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir. Framtíð lífs á jörðinni veltur á því að ríki heims taki höndum saman um röttækur breytingar á framleiðslu og lífnadarháttum. Við Íslendingar erum rík þjóð og búum yfir gnótt endurnýjanlegra auðlinda. Þess vegna er fráleitt að við séum enn eftirbátur annarra Evrópuríkja í loftslagsaðgerðum og styðjumst við veikari markmið en Evrópusambandið og hin Norðurlöndin.

Dæmin sanna að smáriki geta haft afgerandi áhrif á alþjóðavettvangi með því að taka frumkvæði, sýna gott fordæmi og berjast fyrir breytingum. Við höfum skyldum að gegna við heimsbyggðina og komandi kynslóðir og þurfum að taka stærri skref, setja okkur metnaðarfullri markmið og ráðast í miklu markvissari aðgerðir en ríkisstjórnin hefur boðið upp á til þessa. Nú þegar heimsfaraldur kórónuveiru hefur leitt af sér fjölda atvinnuleysi og framleiðsluslaka er réttast að forgangsraða þeim loftslagsaðgerðum sem hafa örvandi áhrif á eftirspurn og atvinnustig í landinu frekar en leggja auknar álögur á fólk. Ríkið þarf að nýta góð lánakjör og fjárfestingasvigrúm til að ráðast í kraftmiklar aðgerðir sem auka framleiðslugetu þjóðarvísins til lengri tíma, skapa atvinnu og undirbyggja nýjar og grænar útflutningsstöðir. Í Ábyrgu leiðinni, efnahagsáætlun Samfylkingarinnar fyrir árið 2021, leggjum við til að stofnaður verði grænn fjárfestingasjóður með fimm milljarða í stofnfé, sem styðji við loftslagsvæna atvinnuuppbyggingu og grænan hátækniönað. Orkuskiptum verði hraðað, ráðist í kraftmikið skógræktarátak, stuðningur við grænmetisframleiðslu, skipulega uppbyggingu iðngarða og störeflingu almennings-samgangna um allt land. Með þessu er hægt að slá tvær flugur í einu höggi: örva eftirspurn og atvinnu en um leið skapa grænna samfélag á Íslandi og auðvelda okkur að ná metnaðarfullri loftslagsmarkmiðum á næstu árum.



Dæmin sanna að smáriki geta haft afgerandi áhrif á alþjóðavettvangi með því að taka frumkvæði, sýna gott fordæmi og berjast fyrir breytingum.

LÆGSTA
VERÐIÐ
Í ÖLLUM
LANDS-
HLUTUM

SKILYRÐISLAUST

Orkan - Ódýrt fyrir alla



Höldum skólunum opnum!



Skúli Helgason
borgarfulltrúi
og formaður
skóla- og frí-
stundaráðs
Reykjavíkur-
borgar

Við erum stödd í langhlaupi í glímunni við COVID-heimsfaraldurinn. Samfélagið okkar hefur staðið sig vel frá því í mars við að takmarka útbreiðslu

veirunnar með samstilltu átaki og það hefur skilað okkur því að tíðni smita og dauðsfalla hefur verið mun minni en víðast í kringum okkur. Engu að síður er glíman krefjandi og áhyggjur starfsfólks mjög skiljanlegar af því að í grunnþjónustu okkar eins og skólum og velferðarstofnunum séu menn útsettari fyrir veirunni en annars staðar.

Í skóla og frístundaráði Reykjavíkur fylgjumst við vel með stöðu mála í faraldrinum og á síðasta fundi fengum við þremmingana: Þórólfr

Guðnason sóttvarnalækni, Víði Reynisson yfirlögregluþjón og Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóra almannavarna á höfuðborgarsvæðinu, til að fara yfir stöðuna. Þar kom fram að smit innan leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs hafa verið mjög fá og mun færri en í samfélaginu almennt. Frekar hefur borið á því að smit hafi borist inn í skólana utan frá. Þá verða börn fyrir mun minni áhrifum af veirunni en fullorðnir og innlagnir barna á spítala eru hverfandi.

Afburðaframlag starfsfólks

Það hefur verið frábært að fylgjast með starfsfólki leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva borgarinnar undanfarna mánuði, hve vel það hefur staðið sig við krefjandi aðstæður við að leysa úr óvenjulegum aðstæðum og leggja sig fram um að halda vel utan um börnin og halda úti sem mest reglubundu starfi þrátt fyrir faraldurinn. Við erum stolt af okkar fólki, stjórnendum og starfsfólki fyrir sitt afburðaframlag og sömu-

leiðis börnunum og foreldrum þeirra fyrir úthaldið, þolinmæðina og umburðarlyndið.

Kjarni málsins er sá að stefnan sem mörkuð var í vor að halda skólunum opnum til að lama ekki samfélagið var rétt, við styðjum hana heils hugar og munum fylgja henni áfram nema gjörbreytt staða komi upp í útbreiðslu veirunnar. Við höldum okkar striki, stöndum áfram saman og þá mun leiðin klárlega liggja upp á komandi vikum.

Skuld Alþingis



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður
Viðreisnar

Á síðustu vikum hefur farið fram lífleg og hressandi umræða um stjórnarskrána. Þökk sé þeim, sem vakið hafa athygli á leiðbeinandi þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, sem fram fór 2012.

Þátttaka var vissulega dræm. En engu síður samþykkti yfirgnæfandi meirihluti að leggja tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá. Í því orðalagi fólst að þjóðin var ekki beðin um að samþykkja eða synja ákveðnum texta. Engu að síður var niðurstaðan leiðbeinandi um vilja þjóðarinnar í ákveðnum dráttum. Og í spurningum um einstök efnisatriði var til að mynda yfirgnæfandi stuðningur við að gjaldtaka fyrir nýtingarrétt að sameiginlegum auðlindum skyldi byggjast á tímabundnum afnotum.

Í byrjun þessa kjörtímabils ákvað forsætisráðherra að áfangaskipta endurskoðun stjórnarskrárinnar eins og ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar lagði af stað með án árangurs. Þrátt fyrir þá reynslu ákvað Viðreisn að taka boði forsætisráðherra um samstarf á þessum grundvelli.

Ástæðan fyrir því var einföld. Við treystum Katrínu Jakobsdóttur til þess að virða þau sjónarmið, sem skýrt hafa komið fram hjá þjóðinni á undanförunum árum og láta ekki sérhagsmunagæslu ráða algjörlega för. Starfið fór vel af stað. Eftir var til umfangsmikillar rökræðukönnun. Hún dró enn skýrar fram hver ætla mætti að væri vilji þjóðarinnar.

Vonbrigðin eru þau að í þeim tillögum, sem forsætisráðherra hefur lagt fram, er litið tillit tekið til þeirra skýru leiðbeininga frá þjóðinni, sem lesa má úr þjóðaratkvæðinu og rökræðukönnuninni. Sérhagsmunagæsla Sjálfstæðisflokks og Framsóknar ræður öllu, sem máli skiptir.

Þannig á ekki að gera neina efnislega breytingu á ákvæðum um fjölþjóðasamvinnu Íslands. Auðlindaákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi fiskveiðistjórnarlögum. Gjaldtöku fyrir tímabundin afnot er hafnað. Ekki er heldur hlustað á háværa kröfu í rökræðukönnuninni um jöfnun atkvæðisréttar, sem einnig naut meirihlutfyllis í þjóðaratkvæðinu. Sumar tillögur forsætisráðherra um veigaminni atriði eru til bóta. En endurskoðunin hlýtur að snúast um kjarna málsins.

Ég er sammála Katrínu Jakobsdóttur þegar hún segir að Alþingi skuldi þjóðinni löngu tímabærar breytingar á stjórnarskrá. En hún er verkstjóri þingmeirihlutans. Það er á hennar ábyrgð að leggja fram tillögur í samræmi en ekki ósamræmi við traustar visbendingar um meirihlutavilja þjóðarinnar.

Skuld Alþingis við þjóðina er að taka tillit til þeirra.

SIEMENS

Þannig fæst alltaf
réttu andrúmsloftið

Siemens heimilistækin fást hjá

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

InductionAir Plus tryggir ferskt loft í opna eldhúsinu þínu og gerir gestgjafahlutverkið um leið að leik einum – þökk sé þessu nýtskulega spanhelluborði sem státar af öflugum innbyggðum gufugleypi í miðjunni. siemens-home.bsh-group.com

Framtíðin flyst inn.

Siemens heimilistæki

BSH-samsteypan er leyfishafi vörumerkis í eigu Siemens AG

Engin einstefna – greiðum götuna



Guðrún
Jóhannsdóttir
MA fíknifræði



Guðrún
Magnúsdóttir
MA fíknifræði,
nemi í áfalla-
meðferðar-
fræðum



Vagnbjörg
Magnúsdóttir
MA fíknifræði

Um margar ólíkar leiðir er að ræða þegar fengist er við meðferðarúræði fyrir fólk sem glímir við áfalla- og streituraskanir og fíknivanda – enda er gjarnan tekist á um málaflökkinn fyrir opnum tjöldum. Fræðin eru margvisleg, margt sem visindin hafa enn ekki svarað og margt hefur verið reynt í gegnum aldirnar. Í dag er helst um að ræða tvær ríkjandi nálganir til meðferðar einstaklinga með fíknivanda.

Meðferðastöðin Hazelden Betty Ford var upphaflega byggð á hugmyndafræði hins svokallaða Minnesota-likans og byggir á sumu leyti enn á þeirri nálgun, sem var fyrst kynnt til sögunnar á sjöunda áratug síðustu aldar. Líkanið gengur einna helst út frá kenningum um að alkóhólismi sé ólæknandi heilasjúkdómur og hafi ekki í för með sér einkenni annars konar undirliggjandi raskana í tengslum við félagslegar aðstæður eða afleiðinga ofbeldis og áfalla.

Háskólinn Hazelden Betty Ford Graduate School of Addiction

Studies er sjálfstæð stofnun sem kennir fíknifræði og þykir mjög framarlega í þeim efnum. Þar hefur kenningum Minnesota-módelisins verið mestmegnis skipt út fyrir nýjar kenningar um tengsl fíknar við áföll og geðvanda. Háskóla-samfélagið er raunar mjög gagnrýnið á líkanið sem kennt er við höfuðstöðvar háskólans, í Minnesota. Áherslan í náminu var ekki síst á einstaklingsmiðaða nálgun. Nemendur læra að bera kennsl á og skima fyrir geðvanda, persónuleikaröskunum og áföllum þó svo að gráðan gefi ekki faglegt leyfi til slíkrar greiningar hér á landi.

Undirritaðar hafa síðastliðin ár (og aðrir fíknifræðingar enn lengur) reynt að fá lögverndað starfsheiti hjá Embætti landlæknis. Svörin sem við höfum fengið frá embættinu eru þau að við uppfyllum ekki þau skilyrði og viðmið sem sett eru fram af fagræði innan embættisins. Fagræðið sem þar starfar er meðal annars mannað af einstaklingum sem hafa haft eða hafa enn aðkomu að rekstri

og starfi SÁÁ. Þau viðmið sem sett eru og koma í veg fyrir að undirritaðar hljóti lögverndað starfsheiti, eru einmitt þau viðmið sem kennd eru á sérstöku þriggja ára námi sem SÁÁ heldur eingöngu fyrir starfsfólk meðferðarstofnana á sinum snærum. Löggilding okkar fagstéttar er mikilvægur liður í því að fleiri leiðir séu í boði fyrir þá sem vilja leita sér hjálpar við fíknivanda. Löggildingin felur í sér að skjólstæðingar geta leitað til Landlæknisembættisins ef þeim finnst á þeim brotið og einnig gefið þeim kost á að fá þjónustuna niðurgreidda.

Mikilvægt er að virðing sé borin fyrir starfi fagstétta sem vinna að því að bæta líf fólks með fíknivanda. Margir sem þjást af slíkum vanda eiga við annars konar vandkvæði að etja eins og geðraskanir og áfallastreituröskun svo dæmi séu nefnd. Í starfsnáminu á Hazelden hinar ýmsu fagstéttir, læknar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar, geðlæknar og fíknifræðingar; allt

fagmenn með meistara- eða BA-gráðu, geta unnið saman að því að veita sem fjölbreyttasta og bestu þjónustu sem völ er á. Enginn vafi leikur á því hvaða hlutverki fagstéttir gegna. Fíknifræðingar vísa skjólstæðingum til sálfræðinga og geðlækna þegar við á og stundum er því ófugt farið.

Sameiginlegt markmið okkar allra sem höfum valið okkur þennan starfsvettvang er að aðstoða fólk að ná bata frá fíknivanda. Bati tekur á sig ólíkar myndir og gæti bati hjá einum litid út sem algert fráhalda frá áfengi – eða öðrum vímuefnum. Hjá öðrum gæti batin falist í því að eiga sem flesta góða daga án hugbreytandi efna þrátt fyrir að „fall“ eigi sér stað. Mikilvægt er að mæta einstaklingum með það sem þeir geta svo þeir upplifi ekki að þeir hafi ekkert vald yfir eigin lífi. Því er mikilvægt að búið sé upp á fjölbreytt úrræði og að fagaðilar sameinist í að þjónusta þennan hóp. Vinnum saman að velferð þeirra sem þjást af fíknivanda.

Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavog, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Andstæð auðlindaákvæði



Lýður
Árnason
læknir og
kvikmynda-
gerðarmaður



Ólafur
Ólafsson
fyrirverandi
landlæknir



Þorvaldur
Gylfason
hagfræði-
prófessor

frumvarpsins leggur grunninn að auðlindaákvæðinu:

„Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð.“

Vandinn nú er sá að Alþingi snerist gegn eigin vegferð með því að snúa baki við frumvarpi sem samið var eftir lögum og reglum sem þingið setti sjálft. Það hefur aldrei áður gerst í vestrænu lýðræðisríki ef þá nokkurs staðar að þjóðþing vanvirði niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá.

Hvað veldur?

Ýmsar skýringar koma til álita.

Líklega var allstór hluti alþingismanna í raun andsnúinn stjórnarskrárferlinu frá byrjun. Þeir kusu að þegja andspænis fólkinu sem krafðist úrbóta en lögðu síðan steina í götu þegar frá leið. Snepya Alþingis keyrði loks um þverbak í málþófi á vormánuðum 2013 og svo fór að enginn þingmaður þurfti að opinbera hug sinn til nýju stjórnarskrárinnar í atkvæðagreiðslu á þingi. Þó hafði meirihluti þingheims, 32 þingmenn af 63, opinberlega lýst stuðningi við staðfestingu nýju stjórnarskrárinnar. Í þessu ljósi er fróðlegt að bera saman vinnubrögð íslenskra þingmanna og breskra þingmanna gagnvart Brexit.

En hvers vegna er andstaða íslenskra þingmanna við nýju stjórnarskrána svo mikil að skýr þjóðarvilji er vanvirtur?

Valdreifing rennur eins og rauður þráður í gegnum nýju stjórnarskrána og er í samræmi við niðurstöðu þjóðfundarins 2010. Þannig knýr hún alþingismenn til laga-setningar um ýmsa hluti sem óhjá-



Að semja nýja stjórnarskrá er verk sem enginn getur gert svo fullt gagn sé að nema þjóðin sjálf. Hún hefur þegar gert það. Það stendur upp á Alþingi að hætta að flækjast fyrir.

kvæmilega munu raska ríkjandi valdajafnvægi. Semja þyrfti ný lög um gegnsæi og upplýsingaskyldu, auðlindir, auðlindanýtingu, stöðuveitingar, alþingiskosningar, málskotsrétt þjóðarinnar og íbúalýðræði. Allt þetta dreifir valdi og eflir aðhald og eftirlit með stjórnmálamönnum. Víst er að slíkar grundvallarbreytingar hugnast ekki öllum og síst þeim sem standa hagsmunaöflum næst. Því miður virðast flestir flokkar á Alþingi hima í skugga þeirra.

Sem gerir að verkum að stjórnmálalæmni og flokkar eru illa til þess fallnir að semja stjórnarskrá. Hagsmunatengsl, bein og óbein, leynd og ljós, eru einfaldlega of mikil. Viðsnúningur auðlindaákvæðisins færir okkur heim sanninn um þetta.

Að semja nýja stjórnarskrá er verk sem enginn getur gert svo fullt gagn sé að nema þjóðin sjálf. Hún hefur þegar gert það. Það stendur upp á Alþingi að hætta að flækjast fyrir.

